

SJÖTTA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 16. júlí 1985

um aðlögun að tækniframförum á II., III., IV., V. og VI. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur**(85/391/EBE)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 84/415/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Til að tryggja almannaeilbrigði ber að banna notkun tiltekinna hýdrókínonetera í snyrtivörur.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna er notkun selendísúlfíðs í flösuhráþvottalegi heimil, samanber þó tilteknar takmarkanir og skilyrði. Tilteknir álsirkonkomplexar eru leyfðir endanlega í svitalyktareyða.

Tiltekin rotvarnarefni losa formaldehýð og þar af leiðandi verða fullunnar vörur sem innihalda þau að lúta skilyrðum um merkingu sem kveðið er á um varðandi formaldehýð.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

1. Í II. viðauka:

— komi „2. hluti VII. viðauki“ í stað „1. hluta IV. viðauki“ í nr. 167;

— komi í stað nr. 178:

„178. 4-bensýloxýfenól, 4-metoxýfenól og 4-etoxýfenól“;

— komi í stað nr. 297:

„297. Selen og efnasambönd þess, þó ekki selendísúlfíð samkvæmt skilyrðum sem sett eru um efni nr. 49 í 1. hluta III. viðauka.“

2. Í 1. hluta III. viðauka bætist eftirfarandi tilvísunarnúmer við:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 228, 25. 8. 1984, bls. 31.

a	b	c	d	e	f
49	Selendísúlfíð	Flösuhárbvotta- legir	1%		— Inniheldur selendísúlfíð — Varasamt fyrir augun eða skaddaða húð
50	Komplexar ál- sirkonklórhydrosíðs $Al_xZr(OH)_yCl_z$ og álsirkonklór- hydrosíðglýsíns	Svitalyktareyðir	20% sem vatnsfrítt álsirkonklóríðhydrosíð 5,4% sem sirkon	1. Hlutfallið milli fjölda ál- og sirkonatóma verður að vera frá 2 – 10. 2. Hlutfallið milli fjölda (Al+Zr) atóma og klóratóma verður að vera frá 0,9 – 2,1 3. Bannað í úðabrusa	Notist ekki á viðkvæma eða skaddaða húð

3. Í 1. hluta IV. viðauka falli niður efni með tilvísunarnúmer 7.

4. Í stað nr. 6. í V. viðauka komi:

„6. Sirkon og efnasambönd þess, þó ekki komplexar við tilvísunarnúmer 50 í 1. hluta III. viðauka og sirkonlegir, sölt og dreifulitir litarefna sem taldir eru upp í tilvísun ⁽⁵⁾ í 2. hluta III. viðauka og í 2. hluta IV. viðauka.“

5. Í VI. viðauka,

— bætist eftirfarandi fimmta málsgrein við formálsorðin:

„5. Allar fullunnar vörur sem innihalda formaldehyð, eða efni í þessum viðauka sem losa formaldehyð, verða að bera varnaðarorðin „inniheldur formaldehyð“, svo framarlega sem styrkur formaldehyðs í fullunninni vöru er meiri en 0,05%.“

— falli niður „inniheldur formaldehyð“ í dálki e í nr. 5 í 1. hluta og í nr. 39, 44 og 50 í 2. hluta;

— falli niður leyfilegur hámarksstyrkur í dálki c í nr. 5 í 1. hluta og nr. 39, 44 og 50 í 2. hluta;

— breytist leyfilegur hámarksstyrkur í dálki c í nr. 39, 44 og 50 í 2. hluta og verður 1%, 0,15% og 0,6%;

— falli niður neðanmálsgrein ⁽²⁾ í 1. hluta og neðanmálsgrein ⁽¹⁾ í 2. hluta.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1986.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. júlí 1985.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stanley CLINTON DAVIS

framkvæmdastjóri.